

Rangárþing eystra
Austurvegi 4
860 Hvolsvelli

Garðabær, 25. september 2025
202509-0046/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 – 2032 - Ytri-Skógar, breyting á íbúðafjölda á ÍB23

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 8. september sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 – 2032 fyrir Ytri-Skógar, breyting á íbúðafjölda á ÍB23 - 1211/2025 Rangárþing eystra.

Í erindinu kemur fram að með aðalskipulagsbreytingunni er verið að breyta íbúðarbyggð, ÍB23 sem er hluti af þéttbýlissvæði Skóga. Verið er að hækka íbúðafjölda úr 5 í 16 íbúðir ásamt því að leiðrétta misræmi aðliggjandi verslunar- og þjónustusvæðis.

Skógarfoss

Þó svo að tillagan muni líklega hafa óveruleg áhrif á Skógarfoss bendir Náttúruverndarstofnun á að vegna nálægðar við Skógarfoss sem er friðlýst náttúruvætti þarf að meta hver áhrif breytingarinnar er miðað við friðlýsingarskilmála¹ fyrir vættið og í samræmi við 54. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Auk þess bendir stofnunin á að fyrir liggur stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið.²

Ásýnd

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að mannvirku falli vel að landslagi og ásýnd staðarins.

Fornleifar

Fornminjar nr. 1780-2941, Úlfhildarleiði, eru innan svæðisins. Þústin var skráð á vettvangi 1.8.2007. Nýir skráningarstaðlar Minjastofnunar Íslands tóku gildi 1.1.2013 og notkun þeirra við fornleifaskráningu gerð lögbundin. Síðan þá hafa staðlarnir verið uppfærðir, nú síðast 2025. Athuga þyrfti hvort skráningin 2007 uppfyllir staðla Minjastofnunar í dag. Hættumatið byggir svo á umhverfisaðstæðum og skipulagsdátalunum þess tíma. Þegar nýjar áætlanir eru gerðar gæti þurft að uppfæra hættumatið.

Virðingarfyllt,

¹ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/skogafoss_477_1987.pdf

² <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Stj%C3%B3rnunar-%20og%20verndar%C3%A1%C3%A6tlun-Sk%C3%B3gafoss.%20m%20undirritun.pdf>

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Ármann Guðmundsson
sérfræðingur